Skólaráðsfundur 23.okt 2018

1. Fulltrúar nemenda í skólaráði
    - Skólastjóri gerir grein fyrir að nemendur hafi ekki enn ákveðið hverjir eigi að vera í skólaráði.
2. Stundaskrár
    - Skólastjóri fer yfir viðmiðunarstundaskrá og hvernig tímafjöldi er reiknaður út fyrir árgangana. Útskýrir hvernig kennarar setja sjálfir upp stundaskrár á yngri stigum en hvernig sérgreinakennslan stýrir þegar ofar dregur.
3. Náms- og kennsluáætlanir
    - Skólastjóri gerir grein fyrir tilhögun og birtingu náms- og kennsluáætlana. Útskýrir þá miklu vinnu kennara sem liggur að baki.
4. Starfsáætlun Álftanesskóla
    - Skólastjóri fer yfir tilgang og markmið með starfsáætlun skólans og að hún sé aðgengileg á heimasíðu skólans.
5. Skólasálfræðingur
    - Viðvera og störf skólasálfræðinga rædd.
6. Þroskaþjálfar
    - Fulltrúi foreldra spyr um fjölda og starfshlutfall þroskaþjálfa, í ljós kemur að bæta þarf inn upplýsingum um þroskaþjálfa í starfsáætlunina.
7. Nemendaráðgjafi
    - Skólastjóri útskýrir starf nemendaráðgjafa sem er nýtt í skólanum.
8. Vinaliðar
    - Vinaliðaverkefnið rætt, mikil ánægja með það og vinaliðarnir sjálfir segja að mikil ásókn sé í leikina.
9. Frístundaheimilið Álftamýri
    - Er núna fyrst að verða tilbúið, töluvert á eftir áætlun en vel hefur gengið þrátt fyrir það.
    - Nemendur hafa getað verið úti og mönnun næg.
10. Kannanir, mat og áætlanir
    - Skólastjóri fer yfir Skólapúlsinn, sjálfsmat skólans, umbótaáætlun og matsáætlun.
    - Áfallaáætlun er í breytingu, m.a. vegna MeToo byltingu
    - Rýmingaráætlun hefur verið breytt. Fulltrúi kennara gerir athugasemd við að kennarar eigi að útbúa rýmingaráætlun en ekki einhver til þess bær frá Garðabæ.
11. Mentor
    - Mikil áhersla á námsmat, læsi og breytt umhverfi í Mentor undanfarin ár.
    - Upplýsingaflæði til foreldra nokkuð gott, Mentor appið til bóta því foreldrar eru ekki alltaf að kíkja.
12. Ný persónuverndarlög
    - Skólastjóri fer yfir breytingar vegna nýrra persónuverndarlaga og þau eyðublöð sem eru að fara út til undirritunar og þær breytingar sem verða og verða hugsanlega á skólastarfinu og aðgengi að skólanum.
13. Nýbygging

- Skólastjóri fer yfir stöðu mála vegna nýbyggingar. Miklar breytingar á.
- Fundað með verktökum vikulega og þeir eru mjög fljótir að bregðast við athugasemdum.
- Tvær athugasemdir hafa borist og verið lagfært um leið.
- Áhættumat var gert í upphafi og unnið eftir því.
- Fulltrúi foreldra nefnir hættu vegna gangandi barna þar sem verið er að keyra. Skólastjóri upplýsir að maður fylgi bílunum inni á skólalóðinni.
- Vinnan er núna fjórum vikum á eftir áætlun (nóv 2019) en annars gengur vel.
- Fulltrúar kennara nefna að minni truflun hafi verið af þessum framkvæmdum en var gert ráð fyrir og skólastjóri lýsir yfir ánægju með samstarf við verktaka.

14. Skólalóðin
    - Skólastjóri er búinn að senda beiðni til Garðabæjar að laga malarvöllinn að norðan vegin við húsið, hann er of grófur og börnin nota hann aldrei. Að öðru leyti er lóðin eins og hún er en vonandi verður farið í að laga lóðina þegar nýbyggingin er tilbúin.
15. Heimasíða skólans
    - Fulltrúi foreldra spyr hvort verkferlar t.d. varðandi áminningar eða annað varðandi starfsfólk sé sýnilegt á heimasíðu en svo er ekki.
16. Samskipti foreldra og skóla
    - Skólastjóri nefnir að verið sé að vinna að ferlum m.a. vegna samskipta foreldra og skóla t.d. á samfélagsmiðlum.

Fundi slitið kl. 9:15